

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 261/2022

2023/EES/31/34

frá 23. september 2022

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1180 frá 11. janúar 2022 um leiðréttingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 1180**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1180 frá 11. janúar 2022 (Stjtíð. ESB L 184, 11.7.2022, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1180, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 184, 11.7.2022, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.